

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Grímseyjargötu 2 og Gránufélagsgötu 51.

Breytingin felur í sér að byggingarreitir stækka, hæð bygginga hækkar, nýtingarhlutfall eykst, kvöð um umferðarrétt minnkar, gert er ráð fyrir sameiginlegri inn- og útkeyrslu inn á lóðirnar frá Laufásgötu og gert er ráð fyrir að fjöldi bílastæða verði 1 stæði á hverja 100 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 17. september 2019,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2019